

Elín Valdís Þorsteinsdóttir

From: vilborg.hauksdottir@htr.stjr.is
Sent: 19. apríl 2005 17:19
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: RE: Lög um almannatryggingar

*Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1483
komudagur 19.4.2005*



587-Felageldriborg
Rvik.doc (13...

Sæl Elín Valdís,

Við Jón Sæmundur munum reyna að senda athugasemdir í dag eða í fyrramálið.
Hvenær fundar nefndin?

Ég vil koma þeirri athugasemd þegar að að aldraðir á hjúkrunarheimilum eru ekki sviptir fjárræði. Bætur Tryggingastofnunar ríkisins til þeirra sem eru vistaðir til langframa á hjúkrunarheimili/dvalarheimili eru felldar niður en vistunarkostnaður er alfarið greiddur af ríkinu ef vistmaður er með tekjur undir tilteknu marki. Fari aðrar tekjur vistmanns, t.d. lífeyrir úr lífeyrissjóði, fjármagnstekjur, umfram tekjumarkið þá er gert ráð fyrir að vistmaður greiði fyrir vistina en þó aldrei hærri fjárhæð en daggjöld á dvalarheimili fyrir aldraða nemur.

Hafi vistmaður engar aðrar tekjur þá getur hann sótt um vasapeninga frá Tryggingastofnun ríkisins og eru þeir greiddir vistmanninum sjálfum eða þeim öðrum sem hann hefur veitt heimild til að taka við greiðslunum.

Í lögum um málefni aldraðra er gert ráð fyrir því að aldraðir geti verið í heimahúsum eins lengi og hægt er. Benda má á að meðalaldur vistmanna á hjúkrunarheimilum er 82-83 ára og meðalldvalartími er 2-3 ár.

Kveðja,

Vilborg

Vilborg Þ. Hauksdóttir, skrifstofustjóri / Head of Department
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið / Ministry of Health and Social Security
Skrifstofa almannatrygginga - lögfræðimál / Department of Social Security
- Legal Affairs
Vegmúla 3
150 Reykjavík
Iceland

Sími / tel.: +(354) 545 8700
Fax +(354) 551 9165

www.raduneyti.is / www.government.is
E-mail: vilborg.hauksdottir@htr.stjr.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.
Sjá nánar: <http://raduneyti.is/Fyrirvari>

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the name addressee only and may contain information that is confidential and privileged.
Further information: <http://raduneyti.is/Fyrirvari>

Elín Valdís
Þorsteinsdóttir
<vilborg.hauksdottir@htr.stjr.is>
<elinvaldis@alhti

To:
cc:

Elín Valdís Þorsteinsdóttir

From: vilborg.hauksdottir@htr.stjr.is
Sent: 19. apríl 2005 19:22
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Cc: helga.agustsdottir@htr.stjr.is; jon.saemundur.sigurjonsson@htr.stjr.is
Subject: RE: Lög um almannatryggingar

Komdu sæl Elín Valdís,

1. Vegna vangaveltna um það hvort frumvarpið feli í sér of opna heimild þá vil ég benda aftur á að ráðherrar/ríkisstjórnir hafa undanfarin ár frekar aukið réttindin heldur en rýrt þau og jafnvel víkkað út réttinn umfram lagatextann í 37. gr. á grundvelli lokamgr. 36. gr. Þá hefur það oft verið rætt að óeðlilegt sé að hafa nákvæmar reglur um það hvaða réttindi séu fyrir hendi þegar um tannlækningar er að ræða en þegar kemur að dýrustu og flóknustu þjónustunni þá sé lagatextinn mjög knappur. T.d. segir í 34. gr. almannatryggingalaga: Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Engin reglugerð er til um það hvaða lágmarksþjónustu sjúkratryggður eigi rétt á. Lög um heilbrigðisþjónustu fjalla um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og þar segir: Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Hér er mjög knappur og opinn texti.

Um sérfræðilæknisþjónustu utan sjúkrahúsa segir að sjúkratryggingar veiti nauðsynlegar rannsóknir og meðferð hjá sérgreinalæknum eða stofnunum sem samningar samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra taka til. Það eru samningarnir sem ráða því hvaða sérgreinalæknisþjónusta er niðurgreidd af Tryggingastofnun ríkisins.

Ekki virðist, miðað við framangreint, ástæða til að niðurnjörva í lög ákvæði um niðurgreiðslu TR á tannlæknaþjónuði.

Það er mat ráðuneytisins að núgildandi ákvæði 37. gr. almannatryggingalaga hafi komið í veg fyrir sveigjanleika.

2. Eftirfarandi er umsögn Jóns Sæmundar vegna umsagnar Landssamband eldri borgara:

"Landssamband eldri borgara sendir frá sér umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ATL, 587. mál um tannlæknaþjónuði aldraðra, öryrkja og barna.

LEB finnst lítið til koma um getu frumvarpsins til að sinna þörfum eldri borgara þar sem greiðslur, sem þar er um að ræða, eru lágar. Það er ekki meira um það segja annað en það að staðhæfing LEB að þessu leyti er rétt. Greiðslurnar eru lágar og það er fyrirséð að fjöldi borgara mun eftir sem áður leita annarra leiða (laus tanngervi) eða búa við tannleysi sitt enn um sinn. Miðað við þá knöppu fjárveitingu sem fyrir hendi er varð að hafa bæturnar lágar til að hægt væri að sinna þörfinni. Það þýðir hins vegar einnig að lágar bætur skilja eftir mismunandi háar fjárhæðir hjá sjúklingi, allt eftir því hjá hvaða tannlækni hann lendir, þannig að margir munu hika við að fá sér fast tanngervi við þau kjör.

Þetta var allt vitað og skilmerkilega frá því sagt að þetta væri liður í því að komast af með lága fjárveitingu. Hið stóra skref sem tekið er með þessu frumvarpi er hins vegar það, að með þessu er brotinn ísinn á áratugalöngu banni á greiðslum fyrir föst tanngervi og með því að fara hægt af stað er mögulegt að kanna þörfina fyrir þessa þjónustu, en það er vitað að hún mun fara ört vaxandi á komandi árum þar sem eldra fólk er sífellt að verða betur tennt með hverjum árgangi sem kemst á ellilífeyrisaldur.

Eftir því sem árin líða mun verða hægt að auka þessa þjónustu og mæta óskum LEB á þessu sviði. Það að öllum kröfum er ekki mætt með þessu frumvarpi er hárrétt athugað hjá LEB, en það ætti að virða þann áfanga sem þó næst, því það að gera ekkert færir okkur ekki áfram.

Hvað snertir sérstakar athugasemdir LEB varðandi þá einstaklinga sem dvelja á hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana, þá má efast um að þörf þeirra fyrir föst tanngervi sé mjög brýn. Burtséð frá greiðslugetu þeirra, þá er efast um að skynsamlegt sé að þessi kostur sé valinn fyrir háaldrað, langsjúkt fólk, sem kemst vel af með ódýrari lausnir. Helsta vandamál þess er tannhirðan og umsjá með munnholi þess, en það lýtur meira að umönnun og heilbrigðisstarfsfólki á viðkomandi stofnun. Það er ekki gert ráð fyrir því í kostnaðarforsendum ráðuneytis að eftirspurn 100% sjúklinga verði umtalsverð.

Áskorun LEB um það að verðlagsgrundvöllur TR og tannlækna verði sá sami lýtur að því að rétt sé að samið verði við tannlækna um gjaldskrá. Það er eindreginn vilji ráðuneytis að svo verði. Þótt forysta TFÍ mæli frekar með óbreyttu ástandi og frjálsri verðlagningu, þá er vitað að hreyfing er meðal tannlækna og áhuga að ná samningum. Það er í því sambandi eftirtektarvert að innan við 10% tannlækna metur verk sín skv. gjaldskrá ráðherra og önnur 10% eru minna en 10% hærri en sú gjaldskrá. Það er hins vegar ekki á valdi ráðuneytis né Alþingis að skikka tannlækna að samningaborðinu.

Að öðru leyti er vert að taka fram að það er reginmisskilningur að sjúklingar á öldrunarrýmum séu sviptir fjárræði. Aldraðir á þessum rýmum geta þess vegna oft á tíðum verið efnafólk. Það að hafa lítil fjárráð er ekki það sama og að vera sviptur fjárræði. Lífeyrir viðkomandi er oft tvöfaldaður til að hægt sé að mæta kostnaði við dvölinu. Hver einstaklingur á þessum rýmum greiðir þess vegna sinn hlut sjálfur. Það er betri kostur en gerist með flestum þjóðum heimsins, þar sem öldruðum er oft á tíðum gert að sata afarkostum. Almanntryggingakerfi Íslendinga býr að þessu leyti vel að öldruðum."

Kveðja,

Vilborg

Vilborg Þ. Hauksdóttir, skrifstofustjóri / Head of Department
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið / Ministry of Health and Social Security
Skrifstofa almannatrygginga - lögfræðimál / Department of Social Security
- Legal Affairs
Vegmúla 3
150 Reykjavík
Iceland

Sími / tel.: +(354) 545 8700
Fax +(354) 551 9165

www.raduneyti.is / www.government.is
E-mail: vilborg.hauksdottir@htr.stjr.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: <http://raduneyti.is/Fyrirvari>

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the name addressee only and may contain information that is confidential and privileged.
Further information: <http://raduneyti.is/Fyrirvari>

Elín Valdís
Þorsteinsdóttir
<vilborg.hauksdottir@htr.stjr.is>
<elinaldis@althingi.is>
<jbjart@althingi.is>
To:
cc: Jónína Bjartmarz
Subject: RE: Lög um almannatryggingar
19.04.2005 18:36